


Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Lífsleikni292 (LKN292)</b> <b>Kennsluáætlun (vor 2015)</b>	

<b>Kennari</b>	Hilmar Friðjónsson, Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir, Íris Ragnarsdóttir, Valgerður Dögg Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	HIF, HRS, ÍRA, VAL
----------------	--	---------------	--------------------

### Áfangalýsing:


Í þessum áfanga sem fylgir í kjölfar lífsleikni 102 halda nemendur áfram að búa sig undir þátttöku í samfélaginu með því að efla enn fremur félagslega færni sína og siðferðiskennd. Lögð verður áhersla á að efla samskiptagreind og jákvæða lífssýn nemenda og gera þeim kleift að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Umsjónarkennari sér áfram um kennslu áfangans og er þannig í beinum tengslum við umsjónarhóp sinn og mun vera nemendum innan handar við að fylgjast með mætingu og framvindu náms um leið og lögð er áhersla á skipulag á námi skólans, skólareglur, ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun sinni og ástundun náms. Fjallað verður um sjálfsmynd og hvað það er sem hefur áhrif á hana t.d. námsörðuleikar, útlit, neysluvenjur, áhugasvið, sterka hæfileika nemenda og þá hæfileika sem vert er að styrkja. Einnig verður fjallað um áhrif einstaklings á samfélagið t.d. fjölmiðla, neyslumunstur, fjármál, akstur, atvinnu og framhaldsnám.

### Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók, en lesefni og verkefnum er dreift í tíma af kennara.

### Áætlun um yfirferð:

- Alla önnina er fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á. Spurningum svarað um skólastarfið almennt og leitast við að efla nemendur í námi.
- Í upphafi annar meta nemendur eigin stöðu út frá fyrri önn og skoða framhaldið í ljósi hennar. Sjálfsmatsverkefni sem snýr að stöðu nemandans eftir fyrstu önnina og markmiðasetning.
- Yfir önnina fá nemendur ýmsar heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni. Má þar nefna læknanema sem fjalla um heilbriggt kynlíf, ungliðahreyfing samtakanna '78 tekur fyrir kynhneigð, forsvarsmenn Einingar/löju fræða nemendur um atvinnulíf, stöðu launþega og stéttarfélög, gæðakerfi skólans, Sigríður Huld aðstoðar skólameistari fjallar um heilsueflandi framhaldsskóla og þema skólaársins sem er lífsstíll og Óskar Þór Halldórssson blaðamaður miðlar reynslu sinni sem fjölmiðlamaður.
- Verkefni vorannar tengjast m.a. ökuréttindum, samskiptum, fjármálum, fjölmiðlum, fordómum, mannréttindum og lýðræði, samfélagi okkar og hvaða áhrif við getum haft sem einstaklingar og kosningum í ljósi nemendaráðskosninga. Þemaverkefni nemenda verða unnin og kynnt.
- Kennarar aðstoða nemendur við námsval fyrir haustönn 2015 í samstarfi við áfanga- og kennslustjóra.
- Í síðustu kennsluviku annarinnar verður farið yfir hefðbundin atriði er snúa að undirbúningi fyrir lokapróf og unnin verkefni um prófaundirbúning og próftöku.

Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011	<b>Lífsleikni292 (LKN292)</b> <b>Kennsluáætlun (vor 2015)</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsþáttur		Vægi
Virkni	Virkni nemenda felst í hversu vel þeir vinna verkefni sín og hversu mikið þeir taka þátt í verkefnum og umræðum kennslustunda	20%
Dagbók / ígildi dagbókar	Nemendur halda ítarlega dagbók um hvern tíma annarinnar, þar sem lýst er innihaldi tímans og upplifun nemanda	20%
Verkefnamappa	Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar, mats á áfanganum og dagbókar	20%
Þemaverkefni	Val nemenda með samþykki kennara	20%
Þátttaka í félagslífi	Undirbúningur fyrir viðburði, þátttaka í viðburðum o.s.frv.	20%

Samtals 100%

**Dagsetning: 05.01.2015**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils